

Skýrsla um starfsemi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar maí 1997 – maí 1998

BIRGITTA SPUR

Sýning sumarsins 1997 bar heitið GRÓANDI og var í safninu frá 13. júní til 1. september. Valin voru verk eftir Sigurjón sem bera heiti eins og: Gróandi, Vorboði, Blómgun og sem bæði í formi og nafngiftum tengist náttúru og gróðri.

Í upphafi september mánaðar var opnuð sýning vetrarins, sem nefndist SVÍF-ANDI FORM. Á henni voru 26 verk sem flokka má undir þessu heiti og spanna tímabilið 1937 – 1981. Nokkur þeirra hafa ekki komið fyrir almennings sjónir í áratugi. Í fréttatilkynningu segir meðal annars: Á öllum listferli Sigurjóns koma fram tvö megin einkenni, annars vegar myndir þar sem efnismassinn, klumpurinn er látinn njóta sín og hins vegar mjög fínlegar, næstum svífandi léttar myndir. Svo virðist sem tvenns konar viðhorf hafi togast á, því eftir tilraunir með opin form, jafnvægi og hreyfingu fylgdu gjarnan myndir með mikilli þyngd og þéttleika, unnar úr efni sem gaf mótstöðu, hörðum viði eða stein. Eins og heiti sýningarinnar gefur til kynna hefur verið leitast við að tefla saman myndum þar sem léttleikinn ríkir og hin þrívíðu form virðist ögra sjálfu þyngdarlögmálinu.

Þann 25. apríl 1998 var opnuð sýning sem nefnist ÚR MÁLMI og eru sýnd um 50 verk eftir Örn Þorsteinsson í báðum sölum safnsins. Er þetta sú fyrsta af þremur gestasýningum sem verða í safninu á þessu sumri í tilefni þess að í haust eru liðin tíu ár frá því að safnið var opnuð almenningi.

Sýning Arnar stendur til 5. júlí. Á tímabilinu 11. júlí til 2. ágúst verður sýning í efri sal á völdum olíumálverkum eftir Nínu Tryggvadóttur úr einkasafni dóttur listakonunnar Unu Dóru Copley og í framhaldi af þeirri sýningu er ráðgert að sýna verk eftir aðra samtímamenn og vini Sigurjóns, og efnt til *Vinafunda* í tilefni afmælisársins.

Safnið verður lokað frá 1. september og fram til 21. október vegna undirbúnings yfirlitssýningar á verkum Sigurjóns í LSÓ og Hafnarborg.

Þriðjudagstónleikar

Sumartónleikar safnsins 1997 voru með líku sniði og undanfarin ár, og var það níunda árið sem safnið gekkst fyrir vikulegum tónleikum yfir sumarmánuðina. Haldnir voru 12 tónleikar á vegum safnsins og fram komu 23 tónlistarmenn.

Menntamálaráðuneytið styrkti tónleikaröðina með 100.000 kr. framlagi, en að öðru leyti verða tónleikarnir að standa undir sér með aðgangseyri sem einustu tekjulind.

Sú nýbreytni hefur verið tekin upp hjá STEF, Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar, að krefja tónlistarmenn um STEFgjöld en þó þannig að tónlistarhúsin og „tónleikahaldarar“ eru gerð árbyrg fyrir innheimtu og reikningsskil. Þetta hefur í för með sér aukin útgjöld fyrir LSÓ auk þess sem því fylgir skriffrinska og vinna við bókhald.

Aðrir tónleikar

Auk hinna föstu þriðjudagstónleika voru haldnir fernir tónleikar í safninu.

Önnur starfsemi

Salur safnsins var rammi um móttökur og ýmsar uppákomur; 9. maí kynnti fyrirtækið KENWOOD nýja tegund af heimabíói fyrir hóp erlendra gesta og viðskiptavini, þann 11. maí afhenti Björn Bjarnason menntamálaráðherra menningarverðlaun SPRON í safninu og síðar á árinu, 25. september efndu Björn Bjarnason og frú Rut Ingólfssdóttir til móttöku fyrir ungt norrænt tónlistarfólk í tilefni af tónlistarmóti UNM á Íslandi.

Margir hópar, innlendir sem erlendir, komu í safnið og fengu sérstaka fyrirgreiðslu í formi veitinga og leiðsagna.

Rannsóknir og útgáfustarfsemi

Eins og getið hefur verið í ársskýrslum undanfarinna ára er megin viðfangsefni safnsins um þessar mundir útgáfa bókar um Sigurjón, ævi hans og starf. Útgáfutíminn er október 1998, en þá verður þess minnst að 90 ár eru liðin frá fæðingu listamannsins og 10 ár frá vígslu safnsins, bæði með bókaútgáfu og yfirlitssýningu í samvinnu við Hafnarborg, lista- og menningarstofnun Hafnarfjarðar.

Verkinu hefur miðað vel áfram, danski listfræðingurinn Lise Funder hefur skilað sínu handriti og Aðalsteinn Ingólfsson hefur unnið að sínum hluta frá því 1. ágúst 1997.

Enn er verið að leita leiða til að fjármagna bókaútgáfuna, og nokkrir stuðningsaðilar safnsins hafa keypt stórar styrktarlínur fremst í bókinni á kr. 200.000. Auk þess hefur safnið til sölu takmarkað upplag af verkinu *Vikingur* í brenndum leir. Sótt hefur verið í ýmsa sjóði meðal annars RANNÍS, Íslenska þýðingarsjóðinn og Menningarsjóð og hafa þessir aðilar veitt samtals 950.000 kr. Menntamálaráðherra Björn Bjarnason hefur gefið loforð um sérstakt framlag til verkefnisins.

Stjórn safnsins hefur samþykkt að skipta bókinni í tvö bindi og eru ástæðurnar í meginatriðum tvær: efni bókarinnar er viðameira en menn gerðu sér grein fyrir í upphafi og ýmsir verkþættir hafa reynst seinlegri en ætlað var. Í fyrra bindi bókarinnar fjallar Aðalsteinn Ingólfsson um tímabilið 1908 – 1928, þegar Sigurjóns fer utan til náms, og Lise Funder hefur rannsakað tímabilið í Danmörku, þ.e.a.s. árin 1928 – 45. Sá hluti listaverkaskrár sem nær til þessa tímabils verður birtur í fyrra bindinu og listaverkaskrá sem tekur til árána 1945 – 82 fylgir síðara bindinu, en þar fjallar Aðalsteinn um starfsár Sigurjóns frá því hann snýr heim frá Danmörku og til æviloka.

Lýsing á bókinni ásamt fjárhagsáætlun fylgir sem fylgiskjal við skýrslu.

Skipulagsmál

Vitað er að borgarskipulag hefur unnið undirbúningsvinnu að deiliskipulagi fyrir Laugarnestangann og standa vonir til að ákvæði um verndun svæðisins sé skammt undan. Reykjavíkurborg hefur sett á laggirnar sérstaka nefnd sem á að vera ráðgefandi um verndun búsetulandslags á Laugarnesi. Í því sambandi hefur Náttúrufræðistofnun gert úttekt á svæðinu sem hefur verið birt í skýrslu fyrir Reykjavíkurborg í nóvember 1997. Þar segir meðal annars:

„Lagt er til að svæðið verði útivistarsvæði þar sem lögð verði áhersla á villta náttúru og minjar um gamla búsetu. Núverandi starfsemi verði sett skýr mörk í deiliskipulagi, sem taki mið af því að styrkja möguleika almennings til útivistar og náttúruskoðunar. Á Laugarnesi þarf að spyrða saman þrjá meginþætti við skipulag og verndun svæðisins. Í fyrsta lagi hina *villtu náttúru* sem enn er að finna og er lítt spillt, þ.e. jarðmyndanir, gróður og fuglalíf. Í öðru lagi *búsetulandslagið* með aragrúa sögulegra minja. Og síðast en ekki síst þjóðargersemi sem er fólgin í *safni Sigurjóns Ólafssonar* myndhöggvara, en ævistarf hans á Íslandi er óafmáanlega tengt búsetu hans á Laugarnesi, allt frá árinu 1945. Að þessu leyti hefur svæðið gildi á landsmælikvarða hvað varðar sögu og myndlist.“

(Nýlega hefur safnið haft spurnir af því að Hafnarstjórn gerir kröfur um að lögð verði gata meðfram Tollvörugeymslunni vestanverðu sem á að tengja Laugarnesveginn og Sæbraut við Hafnarsvæðið. Borgaryfirvöld gera ráð fyrir að ljúka lagningu holræsis gegnum Laugarnestúnið fyrir ár 2000.)

Norræn ráðstefna um búsetulandslag

Þar eð starfsemi LSÓ tengist svo mjög staðsetningu þess og umhverfi hafði safnið forgöngu um að haldin var norræn ráðstefna um búsetulandslag í Norræna Húsinu dagana 19.-21. september sl.

Í undirbúningsnefnd áttu sæti fræðimenn og áhugamenn um umhverfisvernd og vann hún í nánnum tengslum við framkvæmdaaðila ráðstefnunnar: Nesstofusafn á Seltjarnarnesi, Norræna Húsið og Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Ráðstefnan var styrkt af Norræna menningarsjóðnum, sem lagði fram DKK. 100.000.-, menntamálaráðuneytinu, umhverfismálaráðuneytinu, norrænu sendiráðunum á Íslandi, Þjóðminjasafninu og Reykjavíkurborg. Liðlega 100 manns sóttu ráðstefnuna, þar af voru 27 frá hinum norðurlöndunum. Innlendir fyrirlesarar voru 13, en erlendir 7 talsins, þar að auki voru 8 innlendir og erlendir ráðstefnugestir þátttakendur í pallborðsumræðum undir stjórn Guðrúnar Jónsdóttur, arkitekts og formanns menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar. Guðrún Jónsdóttir var einnig fundarstjóri seinni daginn, en K. Torben Rasmussen leysti það starf af hendi fyrri daginn. Reynt hafði verið að fá forseta borgarstjórnar, Guðrúnu Ágústsdóttur í það hlutverk en hún var erlendis.

Gerður var góður rómur að ráðstefnunni, hennar var ítarlega getið í fjölmiðlum og sérstök athygli vakti ljósmyndasýning í Bogasal Þjóminjasafnsins. Þar sýndi finnski fyrirlesarinn Tapio Heikkilä 56 ljósmyndir sem tengdust finnsku búsetulandslagi. Það er mat undirbúningshópsins að ráðstefnan marki tímamótum varðandi skilning manna á hugtakinu búsetulandslag á Íslandi og muni færa alla umfjöllun um

söguna í landslaginu nær þeirri vinnu og umræðu sem á sér stað á hinum norðurlöndum.

Ráðstefnur

Vegna anna sótti forstöðumaður safnsins engar erlendar ráðstefnur á árinu.

Aðföng

Þann 11. mars 1997 færðu hjónin Guðrún og Ólafur Ó. Johnson safninu höfðinglega gjöf, myndina *Fótboltamenn* 1936 eftir Sigurjón. Verkið hafði verið í einkaeign í Danmörku allt frá því á fjórða áratugnum þangað til það var selt á uppboði haustið 1996 í Kaupmannahöfn og síðan boðið til sölu á Íslandi. Er það meðal verðmætustu og mikilvægustu verka sem safnið hefur eignast og svo mikið gleðiefni að það nú skuli vera orðið hluti af safni Sigurjóns að varla finnast orð til að lýsa þakklæti í garð gefendum og lofa góðan hug þeirra til safnsins. Til fróðleiks skal geta þess hér að Lise Funder hefur í rannsóknnum sínum komist að þeirri niðurstöðu, að stytturnar þrjár af Fótboltamönnum eftir Sigurjón eru fyrstu þrívíðu abstraktverk af mönnum/persónum á hreyfingu sem gerð hafa verið á norðurlöndum.

Í vor var verkið sent til Danmerkur til viðgerðar og síðan var gipsafsteypa send til bronssteypara í Noregi. Er von á þessari bronssteypu til landsins uppúr næstu mánaðamótum. Ráðgert er að kynna myndina sérstaklega og sýna hana í safninu í sumar.

Á árinu var gert samkomulag við erfingja Guðmundar Thoroddsen, prófessors, um að þeir fengju leyfi til að láta steypa eitt eintak af brjóstmynd Guðmundar Thoroddsen í brons án endurgjalds vegna höfundarréttar gegn því að LSÓ fengi gipsmyndina. Í framhaldi af þessu var gerð ein bronsafsteypa fyrir safnið, en brjóstmyndin er meðal bestu portrettverka Sigurjóns.

Í lok ársins 1997 bárust kröfur frá Inge Skaarups, fyrrverandi eiganda lágmyndarinnar *Börn að leik* 1938, um lokagreiðslu fyrir þetta verk, sem safnið eignaðist árið 1991. Þar eð Eimskipafélag Íslands hafði á sínum tíma greitt fyrir viðgerð og flutningskostnað var aftur leitað til þessa fyrirtækis um að veita styrk til að ljúka þessum viðskiptum. Var vel tekið í þá beiðni og er Eimskipafélag Íslands nú formlega skráður gefandi þessa verks, sem þrýðir endavegg í aðalsal safnsins.

Safnmunir

Skráð listaverk í eigu LSÓ voru um áramótin 1997-98 alls 361.

Tækjakaup

Tækjakaup voru engin markverð á árinu.

Viðhald á húseign

Safnstjórinn bar á fernisolíu á íbúðarhúsin.

Útlán listaverka og geymslumál

Eins og undanfarin ár eru níu stærri listaverk til sýnis hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og í stigagöngum Sundaborgar við Kleppsveg.

Listaverkæign safnsins hefur verið færð í aðra geymslu og er nú geymd á Vitastíg 3. Enn eru þó gróf áhöld og vinnuborð Sigurjóns o.fl. geymd í gámi á lóð Landsvirkjunar við Hesthál.

Kynningarbæklingur

Nýtt upplag af kynningarbæklingi safnsins í lit var prentað í 4.000 eintökum í upphafi sumars og dreift um borgina ásamt upplýsingum um þriðjudagstónleika safnsins.

Fjöldi safngesta

á árinu 1997 var 4.900.

Aðgangseyrir

Aðgangseyrir að sýningum safnsins hefur verið óbreyttur undanfarin ár: kr. 200 fyrir fullorðna, kr. 100 fyrir eldri borgara og frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna.

Opnunartími

1. júní – 31. ágúst: Allir dagar nema mánudagar kl. 14 – 17

1. sept.– 31. maí: laugardagar og sunnudagar kl. 14 – 17

Í desember og janúar er safnið aðeins opið samkvæmt samkomulagi.

Fastir starfsmenn

Í föstu starfi hjá safninu eru forstöðumaður í fullu starfi, Geirfinnur Jónsson í hlutastarfi og var Helga Guðmundsdóttir BA í fullu starfi við skráningarvinnu og

gæslu frá 1. júlí 1996 til 1. september 1997, en Helga hóf nám í listasögu í Frakklandi síðastliðið haust. Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur hefur haft vinnuástöðu í safninu frá 1. ágúst sl., þegar hann hóf að skrá ævisögu Sigurjóns, sem verður gefin út af safninu haustið 1998.

Stjórnarfundir

Stjórnarfundir voru haldnir í safninu 14. maí og 18. nóvember 1997 og á árinu 1998 hafa til þessa verið haldnir stjórnarfundir 19. mars, 16. apríl, 4. maí og 3. júní. Þar að auki hefur ritnefnd setið fundi reglulega.

Stjórn LSÓ skipa

Birgitta Spur (formaður), Hlíf Sigurjónsdóttir, Aðalsteinn Ingólfsson, Anna Einarsdóttir og Gísli Sigurðsson. Varamenn eru Geirfinnur Jónsson og Karólína Eiríksdóttir.

Fulltrúaráð LSÓ skipa

Anna Einarsdóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Brynja Benediktsdóttir, Erlingur Jónsson, Gísli Sigurðsson, Ingi R. Helgason (formaður), Inga Lára Baldvinsdóttir, Karólína Eiríksdóttir, Kristján Guðmundsson, Ólafur Ó. Jonhson, Pétur Guðmundsson og Sigmundur Guðbjarnason.

Stjórn Styrktarsjóðs LSÓ skipa

Baldvin Tryggvason, Birgitta Spur og Matthías Johannessen.

Endurskoðandi safnsins

er Árni Snæbjörnsson, löggiltur endurskoðandi.